



Efni: Gjaldskrá vegna upplýsinga- og gagnamiðlunar úr tölvukerfi Tollstjóra með aðgangi að Tollalínunni á tollur.is

Gjaldskrá þessi gildir fyrir miðlun upplýsinga og gagna úr tölvukerfi Tollstjóra með aðgangi að Tollalínunni. Þar geta innflytjendur, útflytjendur, farmflytjendur og tollmiðlarar óskað eftir upplýsingum og gögnum um innflutning eða útflutning á þeirra vegum. Hér er um að ræða persónutengda þjónusta við fyrirtæki um stöðu mála hjá töllyfirvöldum.

Hægt er að fá mismunandi aðgang að upplýsingum og gögnum með því að sækja um fullan eða takmarkaðan aðgang að Tollalínunni. Viðhald aðgangsorða sem og upplýsingar um afgreiðslu- og skuldfærsluheimildir fyrirtækis eru innifaldar í aðgangi.

Gjöld fyrir upplýsingar og gögn eru sem hér segir:

A. Fullur aðgangur

Uppflettingar:

1. Vörusendingar og staða þeirra í tollafgreiðsluferli.
2. Starfsmenn með umboð til að framkvæma SMT- eða VEF-tollafgreiðslu.
3. Tákn flutningsfara, flutningsför, komur flutningsfara og brottfarir þeirra.
4. Athugun á skuldfærsluheimildum viðskiptavina.

Sérstakar vinnslur:

1. Skuldfærð aðflutningsgjöld.
2. Greiðslustaða aðflutningsgjalda.
3. Óinnlagðar tollskýrslur.
4. Ótollafgreiddar sendingar.
5. Afgreiddar tollskýrslur.

Gjöld fyrir upplýsingar og gögn:

1. Grunnjald er kr. 2.200 á mánuði. Innifaldar eru 100 uppflettingar á mánuði.
2. Hver uppfletting umfram 100 á mánuði kostar kr. 17.
3. Pöntun á sérstökum vinnslum kostar kr. 250 fyrir hvern vinnslulista.

B. Takmarkaður aðgangur

Sérstakar vinnslur:

1. Skuldfærð aðflutningsgjöld.
2. Greiðslustaða aðflutningsgjalda.
3. Afgreiddar tollskýrslur.

Gjöld fyrir upplýsingar og gögn:

1. Pöntun á sérstökum vinnslum kostar kr. 250 fyrir hvern vinnslulista.

Greitt er fyrir notkun hvers 2 mánaða tímabils í einu. Gjaldldagi hvers greiðsluseðils er fyrsti dagur í næsta mánuði eftir að greiðslutímabili lýkur og eindagi á lokadegi sama mánaðar. Fyrsta greiðslutímabil er janúar og febrúar og önnur í framhaldi af því.

Almennar upplýsingar er fást með tengingu við **Tollalínuna á tollur.is** eru án aðgangsorða og gjalds.

Á vef Tollstjóra, **tollur.is**, er að finna nánari upplýsingar um Tollalínuna og leiðbeiningar um það hvernig sótt er um aðgang.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 9. tl. 195.gr. tollalaga nr. 88/2005 og öðlast þegar gildi.